



Auglýsing um skipulagsmál - Skagafjörður

1. Tillaga að deiliskipulagi – *Hofsós, sunnan Kirkjugötu*

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 4. fundi sínum þann 14. september 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Hofsós, sunnan Kirkjugötu, skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 3,4 ha að stærð og afmarkast af Suðurbraut að vestan, að Kirkjugötu að norðan og af opnu svæði og óbyggðu íbúðasvæði að sunnan og austan. Markmið skipulagsins er að setja fram heildstæða sýn fyrir allt skipulagssvæðið og skilmála um uppbyggingu. Helstu viðfangsefni eru að skilgreina lóðamörk, byggingarreiti, umferðarleiðir, bílastæði og gönguleiðir.

2. Tillaga að deiliskipulagi – *Merkigarður í Tungusveit, Skagafirði*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti á 4. fundi sínum þann 14. september 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Merkigarð í Tungusveit skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 45 ha og nær yfir hluta landareignar Merkigarðs og er á landnotkunarreit fyrir frístundabyggð F-19 í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035. Í tillögunni eru skilgreindar 18 frístundalóðir og byggingarreitir og settir fram skilmálar um aðkomu og umgjörð svæðisins.

Skipulagstillögur eru auglýstar frá 21. september til og með 2. nóvember 2022. Tillögurnar munu liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is.

Athugasemdir og ábendingar varðandi skipulagstillögurnar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eða afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is í síðasta lagi 2. nóvember 2022.